

AUGLÝSING

um búsvæðavernd blesgæsar á Hvanneyri, Borgarfirði.

Umhverfisráðherra hefur að tillögu [Umhverfisstofnunar] og samkvæmt samþykki Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar ákveðið að friðlýsa Hvanneyrarjörðina sem búsvæði blesgæsar í samræmi við 3. tölulið 53. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd, í samræmi við samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stj.tíð. C 1/1978, samninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stj.tíð. C 17/1993 og samninginn um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992) sbr. Stj.tíð. C 3/1995.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda búsvæði fyrir blesgæsir og þar með tryggja grænlsku blesgæsinni athvarf á Íslandi, en Hvanneyrarland er einn af mikilvægustu viðkomustöðum blesgæsa hér á landi. Talið er að um 10 % grænlska blesgæsastofnsins hafi viðkomu í landi Hvanneyrar og næsta nágrenni þess vor og haust. Einnig er markmið friðlýsingarinnar að tryggja almenningi landsvæði til náttúruskoðunar og fræðslu.

Mörk svæðisins eru:

Búsvæðaverndin nær yfir jörðina Hvanneyri frá jarðamörkum sem liggja frá Stórustokk í Vatnshamravatn og þaðan um Ausulæk (landamerkjaskurð) í Andakílsá miðja og þaðan út í Hvítá. Mörk náttúruverndarsvæðisins í Hvítá liggja um jarðamörk.

Svæðið afmarkast af eftirfarandi hnitum (ISN93):

a (367929,2631;456389,7073) **b** (368063,4829;456174,3086)

c (368209,0563;456268,7113) **d** (368757,7685;455624,0721)

e (368503,7604;455454,3859) **f** (367756,6389;452929,8296)

g (364070,7144;451440,4161)

Heildarstærð náttúruverndarsvæðisins er 1.744 ha, þ.a. landsvæði 727 ha sem skiptist í flæðiengjar 183 ha, útivist og fræðsla 326 ha og byggð og ræktun 218 ha.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Fuglaveiðar eru bannaðar á náttúruverndarsvæðinu.
2. Ef sérstaklega stendur á getur [Umhverfisstofnun] eða umsjónaraðili veitt undanþágu frá veiðibanninu svo sem til að verja ræktarlönd, tilraunareiti, æðarvarp og vegna rannsókna.
3. Mannvirkjagerð og jarðrask á Hvanneyrarengjum er háð leyfi [Umhverfisstofnunar]. Engjarnar má nytja á sama hátt og tíðkast hefur svo sem til slægna og beitar á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Stj.tíð. B, nr. 364/2002

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur umsjón og eftirlit með búsvæðavernd blesgæsar í Hvanneyrarlandi í umboði [Umhverfisstofnunar]. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfisráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Hvanneyri, 3. maí, 2002,
Siv Friðleifsdóttir

Sigurður Á. Þráinsson